

1868.

12. marz.

sýslu og Dalasýslu, hefir hann í bréfi 5. nóvembermán. f. á., er einnig fylgir hér með í eptirriti, borið málefni þetta á ný upp fyrir stjórnarráðinu, og hefir hann sérilagi tekið fram, hversu áriðandi það sè, að póstgöngunum milli Stykkishólms og Ísafjarðar verði fjölgað, og að aukapóstur sè látinn ganga í hvert skipti milli Bildudals kaupþúns, þar sem sýslumaðurinn í Bardastrandarsýslu býr í grennd við, og einhvers bæjar, þar sem pósttaskan verði opnuð, á póstgöngunum milli Stykkishólms og Ísafjarðar.

Eins og nú er ástatt, hefir dómsmálastjórnin að vísu ekki haldið, að búizt verði við, að nein viðbót fáist við fè það, sem veitt er árlega í fjárhagslögunum til póstgangnanna á Íslandi, og nýlega hefir verið fært upp úr 800 rd. í 1000 rd., en með því að fjölgun sú á póstgöngunum í vesturumdæminu, sem amtmaðurinn þar hefir farið fram á, virðist vera mjög svo nauðsynleg, og stjórnarráðinu finnst vera sannsýnilegt, að fè það, sem veitt er í fjárhagslögunum til póstgangnanna á Íslandi, komi öllum þremur umdæmunum nokkurnveginn jafnt í hag, eruð þær beðnir, herra stiptamtmaður, að íhuga, og ef yður svo sýnist, ráðgast skriflega um það við hina amtmennina, hvort ekki mætti skipta þessum 1000 rd. þannig milli allra þriggja umdæmanna, að fè það fengist, er þarf til að fjölga póstgöngunum í vesturumdæminu eins og Thorberg amtmaður hefir farið fram á.

Vær búumst við að fá skýrslu yðar, herra stiptamtmaður, um hvað úr þessu verður.

19. marz.

## 9. Bréf dómsmálastjórnarinnar til allra amtmannanna á Íslandi, um hvalaveiðar útlendra þjóða of nærri landi.

Útaf því, að stjórnendur fiskiveiðafélagsins danska höfðu kært fyrir dómsmálastjórninni, að það sjáist á skýrslum frá skipum félagsins, að tvö hvalaveiðaskip, sem voru á hvalaveiðum

1868.

19. marz.

meðfram ströndum Íslands í fyrra með ensku flaggi, hafi ekki látið sér nægja að veiða hvali úti á rúmsjó, heldur hafi þau einnig gjört það inni á fjörðunum, og annarsstaðar innan takmarkanna fyrir yfirráðunum yfir sjónum, skoraði dómsmála-stjórnin á sjóliðsstjórnina að hafa tillit til kæru þessarar í erindisbréfinu handa foringjanum fyrir herskipi því, sem í ár á að hafa stöðvar við Ísland. Sjóliðsstjórnin hefir sagt sig fúsa á að verða við þessari áskorun, en um leið vakið athygli á, að menn geti ekki búizt við, að danska herskipið geti staðið slík hvalaveiðaskip að veiðum inni á fjörðunum, eða innan takmarka þeirra, sem sett eru í samningum þjóða á milli, því að það sé vitaskuld, að þau muni varast allar veiðar inni á fjörðunum eða innan tæðra takmarka um það leyti, sem þau vita, að herskipið muni vera í grennd við sig.

Vegna þessa eruð þér, herra stíptamtmaður (amtmaður), beðnir að skipa sýslumönnunum í umdæmi yðar, þar sem verið getur að slík lagabrot verði framín, að leitast við að fá sannanir um þau, því þá gæti herskipið æfinlega seinna skorizt í leikinn.

**10. Lög um, að endurskoðuninni á lögnum frá 19. degi janúarmánaðar 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, skuli enn fremur skotið á frest.**

20. marz.

Vér Kristján hinn Níundi o. sv. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

Endurskoðuninni á lögnum frá 19. degi janúarmánaðar 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, sem skipað er fyrir um í tæðum lögum, smbr. lög 16. febrúarmánaðar 1866, skal enn á ný skotið á frest í tvö ár, þannig að þau, ef til þess kemur, skulu endurskoðuð fyrir lok fjárhagsársins 1869—70.